

# HAFNARFJÖRÐUR

## AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, kafli 2.2.7 Hafnarsvæði. Breytingin nær til kafla: Almenn ákvæði bls. 50. Fyrir breytingu er kaflinn þannig í heild sinni:

### Almenn ákvæði:


Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, lestunar og losunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru, móttöku og brottfarar farþega, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Íbúðir eru ekki heimilar á hafnarsvæðum. Þó er í undantekningartilvikum unnt að gera ráð fyrir húsvarðaríbúðum. Hafnarsvæðin heyra undir stjórn hafnarstjórnar.

Eftir breytingu verður kaflinn þannig í held sinni:

### Almenn ákvæði:

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, lestunar og losunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru, móttöku og brottfarar farþega, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Á hafnarsvæðum (H) er einnig gert ráð fyrir öðrum fyrirtækum og stofnunum, sem tengjast höfn, útgerð, hafrannsóknunum og öryggismálum sjófarenda. Nánari ákvæði um starfsemi verða sett í deiliskipulag viðkomandi svæða og reita/lóða. Íbúðir eru ekki heimilar á hafnarsvæðum. Þó er í undantekningartilvikum unnt að gera ráð fyrir húsvarðaríbúðum. Hafnarsvæðin heyra undir stjórn hafnarstjórnar.

Greinargerð: Breytingin felst í því að ákvæði um Suðurrhöfn, hafnarsvæði (H), eru gerð ítarlegri þannig að þar megi gera ráð fyrir stofnunum sem tengjast sjávarútvegi og hafrannsóknunum. Breyting þessi mun auka þróunarmöguleika Suðurrhafnar sbr. kafla Suðurrhöfn bls. 50. Breyting þessi hefur ekki áhrif á stefnu samgönguáætlunar eins og hún er sett fram í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025  
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014  
Mörk breytinga

1:15.000

### Skýringar:

M	Miðbær, miðsvæði
VP	Verslunar- og þjónustusvæði
S	Samfélagsþjónusta
I	Iónaðarsvæði
AT	Athafnasvæði
IB	Íbúðarsvæði
H	Hafnarsvæði
F	Svæði fyrir frístundabyggð
K	Kirkjugarðar og grafreitir
E	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
ÍP	Íþróttasvæði
ÓB	Óbyggð svæði
AF	Afþreyingar- og ferðamannasvæði
	Skipulagi frestað
SL	Skógræktar og landgræðslusvæði
OP	Opin svæði
V	Vötn, ár og sjór
FS	Friðlýst svæði
ÖK	Önnur náttúruverndarsvæði
HV	Hverfisvernd (hvít yfirstrikun)
R	Friðlýstar fornminjar
VB	Vatnsbólsvæði
VG	Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
VF	Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
VA	Bráðabirgða þýningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997

## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_2018 til \_\_\_\_\_2018

og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann: \_\_\_\_\_2018

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

þann: \_\_\_\_\_2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann: \_\_\_\_\_2018

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025

SVÆÐI: SUÐURRHÖFN - BREYTTUR TEXTI Í GREINARGERÐ, KAFLA 2.2.7 HAFNARSVÆÐI, ALMENN ÁKVÆÐI



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTA  
HAFNARFJARÐAR

08.08.2018

ÞORMÓÐUR SVEINSSON